

18.0. **Framkvæmd og gildi reglugerðarinnar.**

18.1. Reglugerð þessi er sett samkvæmt 26. grein póstlaga nr. 31/1940 til að öðlast þegar gildi.

Brot gegn reglugerðinni varða sömu viðurlögum og brot gegn póstlögum.

Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 170 um notkun pósts frá 17. september 1963 og allar síðari breytingar.

Samgönguráðuneytið, 6. ágúst 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 338.

30. ágúst 1976.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Barböru Árnason, til styrktar íslenskum myndlistarmönnum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 30. ágúst 1976.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Barböru Árnason,
til styrktar ísl. myndlistarmönnum.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með einni milljón króna af fé því, sem inn kom á yfirlitssýningu á verkum hennar, sem haldin var á Kjarvalsstöðum 26. júní til 20. júlí 1976.

2. gr.

Höfuðstólinn má aldrei skerða, heldur skal vöxtum hans varið til styrktar einum listamanni ár hvert. Fjár til sjóðsins skal aflað með sölu minningarspjalda o.fl.

3. gr.

Úthlutun fer fram á afmæli listakonunnar 19. apríl. Úthlutun fer þannig fram, að dregið skal á milli þeirra, sem um styrkinn sækja hverju sinni. Æskilegt væri að sjóðurinn efldist svo, að tveir listamenn gætu hlotið styrkinn árlega. Það vakti fyrir sjóðsstofnendum, að styrkurinn væri notaður til utanfarar, en þó skal styrkþega heimilt að nota hann eins og honum best líkar.

4. gr.

Þeir af styrkþegum, sem vilja, geta látið listaverk af hendi rakna, sem síðar yrði selt til eflingar sjóðnum; en þetta er engin kvöð.

5. gr.

Sjóðsstjórnina skipa Magnús Á. Árnason, Vífill Magnússon og formaður Félags íslenskra myndlistarmanna. Að Magnúsi frá föllnum skal listfræðingur Kjarvalstaða taka sæti í stjórn hans, og að Vífli frá föllnum forseti Bandalags íslenskra listamanna.